

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði og Aldrei fór ég suður (hér eftir „AFÉS“),
kt. 480306-2600, Hafnarhúsinu, Ísafirði, gera með sér svohljóðandi

(Stuð)samning

1. gr.

Meginefni samnings

Tilgangur Aldrei fór ég suður hátíðarinnar er að bjóða upp á metnaðarfulla samfélagsbætandi tónlistarhátíð. Markmiðið er að koma á framfæri framsækinni og/eða stórkostlegri íslenski tónlist í óvenjulegu umhverfi. Sérstaklega er lagt upp með að kynna tónlistarfólk sem tengist Ísafirði. Markmiðið er einnig að efla jákvæða ímynd Ísafjarðarbæjar sem ferðamannastaðar bæði innanlands og erlendis og vekja athygli á ríkri tónlistarsögu og grósku bæjarins í þeim efnum. Ísafjarðarbær og AFÉS gera hér með samning um að standa saman að hátíðinni.

Ísafjarðarbær og AFÉS setja sér markmið að :

- a) Bæjarstjóri og bæjarfulltrúar sýni fordæmi og taki þátt í hinum ýmsu vinnuhópum hátíðarinnar.
- b) Bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og allir aðstandendur AFÉS lofa með samningi þessum að vera í bullandi sullandi stuði alla páskahelgina. Enn fremur munu þeir leggja sig alla fram við að smita aðra bæjarbúa og gesti af gleði sinni og ást.
- c) Að finna lausn á framtíðarhúsnæði fyrir hátíðina á samningstímanum.

2. gr.

Skyldur Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær skuldbindur sig til að:

- a) Leggja fram vinnuframlag upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar, eftir því sem þurfa þykir.
- b) Taka Aldrei fór ég suður hátíðina inn í markaðssetningu á páskum á Ísafirði í samstarfi við AFÉS.
- c) Leggja fram 500.000 kr. sem AFÉS nýtur til aukinnar kynningar á hátíðinni og um leið á svæðinu í heild.
- d) Legga sig fram við halda viðburði í bænum í kringum páskahelgina sem stuðla að fleiri viðburðum á breiðara sviði í sveitarfélaginu.
- e) Veita AFÉS styrk til að greiðslu fyrir þjónustu gjaldkera og tengd störf, að hámarki kr. 200.000,- á ári.
- f) Tryggja fjármagn til skuldauppgjörs hátíðarinnar í samstarfi við AFÉS, þó að hámarki kr. 2.500.000,- á ári.
- g) Sjá um kostnað við flutning salernisgáms í eigu hafna Ísafjarðarbæjar að og frá tónleikastað og tengja á viðeigandi hátt.

3. gr.

Skyldur Aldrei fór ég suður

Aldrei fór ég suður skuldbindur sig til að gera eftirfarandi:

- a) Sjá um hátíðina að öllu öðru leyti, en fram kemur í 2. gr. samnings þessa.
- b) Sjá til þess að salernisgámur, sem vísað er til í g) lið 2. gr., sé þrífinn að lokinni notkun.

- c) Leggja áherslu á að afkoma hátíðarinnar sé jákvæð til að ekki komi til fjármagn frá Ísafjarðarbæ, sbr. f) lið 2. gr.
- d) Leggja fram fjárhagslegt uppgjör eigi síðar en 4 mánuðum eftir að hátíðin fer fram.

4. gr.
Gildistími

Samningur þessi tekur til Aldrei fór ég suður hátíðanna 2022, 2023 og 2024. Endurskoða skal samninginn eigi síðar en 1. júní 2024, en þá skal fjárhagslegt uppgjör vegna hátíðarinnar 2024 liggja fyrir.

5. gr.
Annað.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.

Ísafirði, mars 2022

F.h. Aldrei fór ég suður

Guðmundur M. Kristjánsson
stjórnarformaður

F.h. Ísafjarðarbæjar

Birgir Gunnarsson
bæjarstjóri

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun

